AFSTÖÐUMYND/LÓÐ
1 : 500

BYGGINGARLÝSING:

Götuheiti og númer: Hamranes í Hafnarfirði (Krýsuvíkurvegur Hamra)
Landeignarnúmer: 227691

Helstu stærðir:
Heildarstærðir hæðar í m² og m³:
Kjallari 169,3 m² og 406,3 m³
1.hæð 167,2 m² og 756,3 m³
Heildarstærð byggingar í m²: 336,5 m²
Heildarstærð byggingar í m³: 1233,6 m³
Stærð lóðar: 1273 m²
Nýtingarhlutfall: 0,26
Fjöldi bílastæða: Bílastæði á lóð eru 2 á lóð.

Starfsemi:
Byggingin er raforkudreifistöð sem sér öðrum dreifistöðvum í bæjarfélaginu fyrir raforku.
Enginn starfsmaður verður í húsinu að staðaldri en starfsmenn HS Veitna mun sinna þar eftirliti og viðhaldi kerfis.

Aðgengi:
Aðgengi að húsinu verður takmarkað og engum utanaðkomandi heimil aðgangur nema í fylgd starfsmanna.

Aðkoma, lóðarlýsing og gróður:
Aðkoma að lóð er um aðkomuveg sunnan lóðar. Aðkoman verður girt af með aksturs aðgangsstýringu. Lóð verður girt af með mannheldri netgirðingu. Á vesturhluta lóðar er aksturs- og gönguhlið fyrir aðkomu slökkviliðs.
Aðalinngangur aðveitustöðvar er í rofasal um suðurhlið lóðar. Einnig er innangengt beint í báða spennabása innan lokaðs athafnasvæðis.

Lýsing á bílastæðum og umferðarleiðum verður skv. ÍST EN 12464-2.
Lýsingarbúnaður verður staðsett á byggingunni sjálfri.
Lýsing við aðkomu byggingarinnar og á bílastæði verður stýrt með hreyfiskynjurum. Að auki verður flóðlýsing á umferðar- og vinnusvæði við aðrar hliðar byggingarinnar sem unnt er að kveikja sérstaklega, gerist þess þörf. Slökkt verður á útilýsingu meðan engin vinna fer fram og engin umferð er við byggingunna. M.ö.o þá er gert ráð fyrir að útilýsing sé tiltölulega sjaldan í gangi.
Við hönnun lýsingar er lögð áhersla á að hún truflí ekki umferð eða byggð í nágrenni.

Athafnasvæði við byggingu er lagt með möl.

Rask á lóð vegna byggingarframkvæmda verður lagfært. Hraun og mosar sem fellur til á byggingarsvæði verða varðveitt og lagðir aftur meðfram vegastæði og á þak rofarýmis.

Burðarvirki, einangrun, frágangur og klæðningar (Flokkur):
Öll byggingin er í notkunarflokki 1.
Sökklar og gólfplata:
Gólfplata og sökklar eru steyptir. Gólfplatan er með 200mm steypu og undir henni 100mm plasteinangrun.
Gólf:
Gólfefni verða í flokki G.
Gólf í rofasal er lagt með epoxikvartsefni.
Gólf í spennabása er stál kerfisgólf en undir sjálfa spennana er op í gólfinu til að hindra ekki náttúrulega loftkælingu um spennana.
Olíugryfjuplötur eru fyrir ofan olíugryfju í spennubásum.
Gólf fyrir ofan loftgrýfju er kerfisgólf-ristar úr stáli.
Útveggir:
Útveggir í spennarými eru staðsteypt 250 mm þykk sjónsteypa. Norðurhlið spennarýmis er léttur veggur úr járnstoðum og klæddur með sementsbundnum trefjaplötum og lóðréttum viðarlistum fyrir klæðningu. Suðurhliðin er klædd lóðréttum viðarlistum. Fyrir framan loftræstirista er viðarklæðningin með 50 % opnun.
Útveggir í rofarými eru staðsteyptir með 200 mm þykkri steypu, 100 mm einangrun að utan og klæddir loftræstri klæðningu úr lóðréttum viðarlistum.
Viðarklæðning verður í flokki 2.
Þak:
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T eða B.
Þak spennarýmis er staðsteypt sjónsteypa með 1.40 vatnshalla.
Þak í rofarými er forsteypt 260 mm holplata með 80 mm ásteypulagi og 150 mm plasteinangrun með þakhalla 1:40. Ofan á einangrun er klætt með þakdúk, sand og hraun/mosa sem fellur til á staðnum í uppgreftri. Þakkantar eru klæddir áli.

Innveggir:
Allar innanhússklæðningar verða í flokki 1.
Ísogplötur verður komið fyrir ef þurfa þykir.
Innveggir og loft í spennarými er staðsteypt 250 mm þykk sjónsteypa.
Innveggir í rofarými sem liggur að spennarými er einangraður og múrhúðaður.
Innveggir í rofarými eru sandsparslaðir og málaðir. Léttir veggir eru stálgrindarveggir klæddir tveggja laga gipsplötum á hvorri hlið og málaðir hvítir.

Litaval utanhúss:
Sjónsteypa, viðarlistar og hraun/mosi.

Útihurðir, vörumóttökuhurð og loftræstiristar:
Útihurðir eru úr stáli, klæddir lóðréttum viðarlistum.
Vörumóttakan er flekahurð, vel þétt svo ekki leki meðfram inní rofasal.
Flekahurðin er klædd/hulin lóðréttum viðarlistum.
Loftræstiristar eru úr áli og feildir inní viðarklæðningu.

Upphitun:
Spennabásar eru óupphituð hálfopin rými með náttúrulegri kælingu.
Rofarými er upphitað með rafmagnsofnum.

Loftræsing:
Spennabásar eru loftræstir með náttúrlegri kælirás. Dregið verður inn loft við botn spennarýmana, mismunandi þrýstingur og hitamismunur drífa loftið meðfram spennunum og út um ristar sem staðsettar verða við þak hússins við gagnstæða enda spennarýmanna. Hönnunin miðar við verstu mögulegu skilyrði, þ.e. heitan sumardag með miklum vindi á eina hlið hússins svo loftflæðið streymi einungis út á einni hlið byggingarinnar.
Hljóðgildrur verða notaðar við inntak og úttak spennarýmanna til að minnka hljóðmengin í nágrenni stöðvarinnar.
Rofarými er loftræst með rafstýrðri loftræstingu.

Inntök og lýsing lagnaleiða:
Inntak fyrir heimtaug og vatnsinntak að aðveitustöð er frá suðurhlið hús í kjallara.

Fráveitukerfi og spilliefni:
Sett verður safntankur.
Dælubúll dælir upp olíu úr olíugryfju þegar við á að uppfylltum viðeigandi reglugerðum. Olíugryfjan er stærri/rýmri en það magn af olíu sem eru í spennanum.

Kólnunartölur:
Heildarleiðnitap byggingar verður innan marka byggingarreglugerðar. Hámarks U-gildi byggingarhluta verða í samræmi við töflu í gr. 180.3 í byggingarreglugerð
Spennasalurinn er óeinangraður
Reiknað U-gildi rofasals :
Þak 0,1224 W/m2k
Útveggir 0,327 W/m2k
Botnplata 0,345 W/m2k
Meðalgildi 0,3 W/m2k
Miðað er við hitastig sé 10°C-18°C.

Yfirfarið af Kristni Eiríkssyni burðarvirkishönnuði.

Annað:
Í rofasal er 900 mm breiður stálstigi sem gengur niður í strengjarými. Stiginn er í 45 gráður halla með 200 mm uppstig, 200 mm frammstig og 100 mm innskoti.

Spennarnir eru einu uppsprettur hljóða í byggingunni og verða settar upp hljóðgildrur í loftkælistokkunum til að draga úr möguleikum hljóðs sem berast um þær.

Sérstök áhersla verður lögð á góða vinnulýsingu í tæknirými byggingarinnar.

Samþykkt þann 12 sep. 2018
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

SKÝRINGARTEXTI:

GN	Gólfniðurfall
LR	Lokað rými / Loftræsting
ÞF	Þakniðurfall
GF	Gólfniðurfall
RS	Ræstiskápur
RT	Rafmagnstafla
VV	Inntak Vatnsveitu
RV	Inntak Rafmagn

BRUNAVARNIR:

Niðurstöður brunavarna
Eftirfarandi brunavarnartexti fyrir aðveitustöð í Hamranesi, Hafnafirði, er gerður af Lotu verkfræðistofu í Mars 2018, verk nr. 5823-003. Um er að ræða tengivirki á einni hæð. Byggingin er hönnuð skv. gildandi byggingarreglugerð nr.112/2012 með áorðnum breytingum og öðrum gildandi stöðlum sem viðkoma brunahönnun.
Notkunarflokkur og starfsemi
Byggingin er í notkunarflokki 1. Byggingin er á einni hæð auk tæknikjallara.

Brunahólf
Allt húsið er eitt meginbrunahólf.
Brunahólf verða EI 60 með EI_2 30-CS_m.
Tvö spennarými ásamt gryfjum verða sitt hvort brunahólfið.
Rofasalur og strengjakjallari verða saman í brunahólfi.
Burðarvirki
Aðalburðarvirki byggingarinnar verður a.m.k. R 90.
Klæðningar
Klæðningar verða skv. staðlaðri/inni ÍST EN 13501.
Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1, eða K_210 B-s1,d0.
Utanhúsklæðningar verða timburklæðningar í flokki 2 eða K10 D-s2,d0.
Gólfefni verða í flokki G, eða D_{fl}-s1.
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T_t eða $B_{(roof)}$ (t2).
Flóttaleiðir
Frá öllum rýmum fyrstu hæðar eru flóttaleiðir í tvær áttir, í sitt hvorum enda brunahólfs, þar eru alls staðar innan við 30 m og er lengsta flóttaleið um 20 m.
Flóttaleið úr tæknikjallara er lengst um 10 m. Kjallarinn er sjaldan notaður og er ekki gert ráð fyrir viðveru fólks þar.
Loftræsing
Loftræsikerfi verða hönnuð skv. ÍST EN 13501 og DS 428 þar sem við á.
Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.
Reyklosun
Reyklosun verður um hurðir og ristar í lofti.
Brunaviðvörun
Í allri byggingunni verður viðurkennt brunaviðvörunarkerfi skv. ÍST EN 54 og reglum MVS. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis er í anddyri hússins.
Hurðarseglar mega tengjast kerfinu, ef þörf er á því að halda ákveðnum eldvarnarhurðum opnum.
Slökkvitæki
Handslökkvitæki verða í byggingunni skv. ÍST EN 3. Hvergi skal vera meira en 25 m á milli þeirra.
Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Út-ljós verða við útgöngudyr flóttaleiða. Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux á opnum svæðum. Neyðarlýsing verður utanhúss við útgangsdyr. Neyðarlýsing skal tengd brunaviðvörunarkerfi.
Aðkoma slökkviliðs
Aðkoma slökkviliðs er um nýjan akfæran veg frá Hamranesi.
Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningar skulu gerðir um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússanna (brunaviðvörunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu).

Sjá brunatákn og skýringar á teikningum.

0101	Rýmisnúmer
GK:00.00	Gólfkóti
GK:00.00	Kóti - steypt
GK:00.00	Kóti - létt
REIxx/EIxx	Brunaskil
EI 30-CS	Hurð brunatákn
UT	Merktur útgangur.
R	Reykskynjari
H	Hitaskynjari
!	Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis

22.11.2018
LOTA VERKFRÆÐISTOFA ehf.
Yfirfarið af brunahönnuði
LOTA

SKRÁNINGARTAFLA

Skráningartafla: Aðveitustöð-Hamranes
Landnúmer: 121527
Matshlutanúmer: MHL 01
Skrásetjari: VRI
Kennitala: 271177-4539
Útgáfa: 4.01E Dags.: 25.02.2018

Uppskipting og lýsing D0 Lokun	D1 Rými hæð-rað	D2 Notkun texti	D3 Hönnuðflokkun	D4 Eignarhald	Stærðir D5 Bruttóflatur m²	D5M Millifletur m²	D6 Svalir m²	D7 Op m²	D8 Brúttóflatur m²	D9 Brúttóflatur sh < 1,8	D10a Salarhæð min	D10b Salarhæð max	D11 Brúttó rúmmál m³	D12 Nettóflatur m²	D16 Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	D17 Skipta-rúmmál m³
		Matshluti			340.4	0.0	0.0	3.9	336.5	0.0			1,233.6	300.6	336.5		1,020.400
		Botn											71.0				
	00	**Kjallari**			169.3	0.0	0.0	0.0	169.3	0.0			406.3	152.6	169.3		
A	0001	**Strengjarými**	T	0101	169.3				169.3		2.40	2.40	406.3	152.6	169.3	2.40	366.240
B	0002	**Olíugryfja, loft- og strengjarými**	T	0101	183.2				183.2		2.40	2.40	439.7	138.7			
	01	**1. hæð**			171.1	0.0	0.0	3.9	167.2	0.0			756.3	148.0	167.2		
A	0101	**Rofasalur**	N	0101	171.1			3.9	167.2		4.42	4.42	756.3	148.0	167.2	4.42	654.160
B	0102	**Spennabásar**	N	0101	184.1			28.1	156.0		9.35	9.50	1,735.1	139.2			

Athugasemdir

Engir starsfmenn eru að staðaldri í húsi, en starfsmenn HS Veitna munu sinna þar eftirliti með tækjum og viðhaldi kerfis.

Sameignir sumra

Eignarhald

Eignarhald	Notkun texti	Birt flatarmál m²	Skiptarúmmál Séreign m³	Skiptarúmmál Séreign og sameign m³
0101	**Rofasalur**	336.5	1,020.400	1,020.400
	Alls	336.5	1,020.400	1,020.400

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Tölvuskrá: C:\Users\vala\Documents\1709-Adveitustod_Hamranesi_Afstöðumynd_vala.rvt



AFSTÖÐUMYND/LÓÐ Vegatenging
1 : 2000

2	Byggingarlýsing, afstöðumynd og landeignarnúmer uppfært	06.11.2018	VRI	JÓL
1	Útgefið til samþykktar byggingarfulltrúa	28.03.2018	VRI	JÓL
B	Til samþykktar	28.03.2018	VRI	JÓL
A	Til innri yfirl.	19.03.2018	VRI	JÓL
Útg.	Skýring / Skeyting.	Dags.	Teiknað	Yfirfarið

HS Veitur
VERKKAUPI / EIGANDI
Aðveitustöð
TEGUND VERKS

Hamranes í Hafnarfirði (Krýsuvíkurvegur Hamra)
GATA/STAÐSETNING

AÐALUPPDRÁTTUR
Afstöðumynd
Byggingarlýsing
Skráningartafla

LANDEIGNARNÚMER:	227691
MHL:	01
MKV.:	1:500
BLAÐSTÆRÐ:	A1
STOFNDAGUR:	01.02.2018
TEIKNAÐ:	VRI
YFIRFARIÐ:	JÓL

1709	300 - 2
VERKNR.	TEIKNNR. ÚTGÁFA

Jón Ólafur Ólafsson FAÍ
kt: 090658-4099

Sigurður Einarsson FAÍ
kt: 110457-2789

Sigurður Harðarson FAÍ
kt: 030446-3999

BATTERÍID | ARKITEKTAR
Hvaleyrarbraut 32 | 220 Hafnarfirði | S: 54 54 700 | batteri@arkitekt.is | www.arkitekt.is

© BATTERÍID | ARKITEKTAR
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR ÁÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA